

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

**Hagsmunasamtök
Heimilanna**



10. október 2022

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 11. mál á 153. löggjafarþingi

Samstöðuaðgerðir vegna verðbólgu og vaxtahækkana

Með ofangreindri þingsályktunartillögu er lagt til að fela ríkisstjórninni að bregðast við ört hækkandi húsnæðiskostnaði með takmörkunum á verði húsaleigu, niðurgreiðslu vaxta, aukningu barnabóta og skattahækkunum, svo sem á stór fyrirtæki sem eru rekin með miklum hagnaði (nema banka).

Hagsmunasamtök heimilanna hafa aldrei haft á sinni stefnuskrá kröfur um sérstök útgjöld úr ríkissjóði til að standa undir húsnæðiskostnaði einstaklinga. Hinn eiginlegi vandi er of hár húsnæðiskostnaður og það breytist ekki þó hluta hans sé velt yfir á einhvern annan, svo sem skattgreiðendur. Slíkt leiðir ekki til annars en að við sjálf þ.e. neytendur endum með því að greiða það sama hvort sem er.

Að framangreindu sögðu leggjast samtökin þó alls ekki gegn ofangreindum tillögum heldur er fallist á að sumar þeirra geti verið skynsamlegar til að bregðast við núverandi ástandi til skemmri tíma.

Samtökin leggja sérstaklega til að skerðingarmörk vaxtabóta vegna eigna verði leiðrétt til samræmis við og fylgi í kjölfarið eðlilegum mælikvarða, svo sem vísitölu húsnæðisverðs eða vísitölu neysliverðs, svo að hækkun fasteignaverðs þegar keyptu eigna svipti fólk ekki sjálfkrafa rétti til vaxtabóta án þess að neitt annað taki við, eins og um 2.800 manns munu verða fyrir um næstu áramót að óbreyttu. Til framtíðar þarf aftur á móti að finna leiðir til að útrýma allri þörf fyrir vaxtabætur yfir höfuð.

- 0 -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is